



# Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Friður 2000  
Vogaseli 1  
109 Reykjavík  
netfang: thor@peace.is

Höfn 2. október 2024  
Málsnúmer: 2024-064446

Efni: Tilkynning um opinbera fjársöfnun

Sýslumaðurinn á Suðurlandi hefur mótttekið tilkynningu Friðar 2000 kt. 540795-2589 um opinbera fjársöfnun sem fram fer í gegnum vefsíður og með símtölum. Heimasiða verkefnisins er austurvollur.is. Tímabil söfnunarinnar er frá 18. september 2024 til 31.12.2024. Tilgangur fjársöfnunarinnar er kynningarátak og auglýsingar til að kynna þjóðinni undirskriftarlista með áskorun á forseta Íslands að senda fjárlög sem innifela vopnakaup í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um opinberar fjársafnanir gilda lög nr. 5/1977 og reglugerð nr. 786/2008 og ber tilkynnanda að fara eftir ákvæðum þeirra laga. Embættið vekur sérstaka athygli á því að samkvæmt 7. gr. laganna ber að senda Sýslumanninum á Suðurlandi reikningsyfirlit söfnunarinnar, ásamt tilkynningu um hvar og hvenær birting þess skuli fara fram, en birting skal fara fram áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því fjársöfnun lýkur.

Skv. 8. gr. reglugerðar nr. 786/2008 ber söfnunaraðila að senda Sýslumanninum á Suðurlandi endurskoðaðan reikning söfnunarinnar, staðfestingu þess er mótttekið hefur söfnunarfé og upplýsingar um hvar og hvenær birting á reikningi söfnunarinnar fari fram sbr. 7. gr. laga um opinberar fjársafnanir.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Anna Lilja Ragnarsdóttir*  
Anna Lilja Ragnarsdóttir

